


SCHUMANN & BRAHMS II

Arild Remmereit, hljómsveitarstjóri
Jon Kimura Parker, einleikari



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2009/10



aðalstyrktaraðilar

BORGUN

Morgunblaðið

.....
Tónleikar í Háskólabíói 6. maí 2010 kl. 19.30
.....

Arild Remmereit, hljómsveitarstjóri
Jon Kimura Parker, einleikari

.....
SCHUMANN & BRAHMS II
.....

Johannes Brahms

Píanókoncert nr. 1 í d-moll op. 15 (1854–58)

Maestoso

Adagio

Rondo. Allegro non troppo

Hlé

Robert Schumann

**Sinfónía nr. 1 í B-dúr op. 38,
„Vorsinfónían“ (1841)**

Andante un poco maestoso –

Allegro molto vivace

Larghetto

Scherzo: Molto vivace –

Trio I: Molto piu vivace –

Trio II

Allegro animato e grazioso

Sinfóníuhljómsveit Íslands þakkar Sendiráði Kanada á Íslandi veittan stuðning.



Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og
síðan aðgengilegir í fjórar vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
á meðan tónleikum stendur.



Norski hljómsveitarstjórinn Arild Remmereit nam píanóleik, söng og tónsmíðar við Tónlistarháskólann í Ósló, en lærði hljómsveitarstjórn hjá Karl Österreicher við Tónlistarháskólann í Vínborg á árunum 1987-92. Hann var aðstoðarmaður Leonards Bernstein um nokkurra ára skeið og hóf feril sinn sem stjórnandi Wiener Residenz Orchester og við Úkraínsku þjóðaróperuna.

Remmereit hefur stjórnað fjölda hljómsveita og fengið lofsamlegar viðtökur áheyrenda jafnt sem gagnrýnenda. Meðal þeirra sveita sem hann hefur stýrt má nefna sinfóníuhljómsveitina í Baltimore, Dallas, Detroit, Pittsburgh og Vínborg, Fílharmóníuhljómsveitirnar í München og Tókýó,

Þýsku sinfóníuhljómsveitina í Berlín, Mozarteum-hljómsveitina í Salzburg og La Scala í Mílanó.

Remmereit hefur oft hlaupið í skarðið fyrir aðra stjórnendur á síðustu stundu, eins og hann gerir með Sinfóníuhljómsveit Íslands nú þar sem Andrew Litton þurfti að breyta ferðaáætlun sinni vegna tónleikaferðar um Ástralíu. Vorið 2005 sagði Riccardo Muti starfi sínu lausu sem aðalstjórnandi Scala-óperunnar og Remmereit var fenginn til að stjórna tónleikum hljómsveitarinnar þar með nokkurra daga fyrirvara; seinna sama ár stjórnaði hann hljómsveitum bæði í Evrópu og Bandaríkjunum í forföllum Christophs von Dohnányi og Daniels Harding. Sama var uppi á teningnum þegar Leonard Slatkin fékk hjartaáfall í nóvember í fyrra; þá hringdi Sinfóníuhljómsveit Detroit-borgar í Remmereit sem hljóp í skarðið með litlum fyrirvara. *New York Times* skrifaði um Remmereit að hann væri „the hottest conductor you’ve never heard of“, en ef fram heldur sem horfir munu margir þekkja störf hans áður en langt um líður.



Kanadíski píanóleikarinn Jon Kimura Parker lærði á píanó sem barn hjá móður sinni og frænda, og nam síðar við Juilliard-skólann í New York þaðan sem hann lauk doktorsprófi. Parker vakti heimsathygli þegar hann hreppti gullverðlaun í Leeds-píanókeppninni árið 1984, þar sem hann lék einmitt píanó-

konsert nr. 1 eftir Brahms í lokaumferðinni. Fjöldi þekktra píanista hefur gegnum tíðina staðið á sigurpallinum í Leeds, og má þar nefna Murray Perahia, Radu Lupu, Mitsuko Uchida og András Schiff.

Jon Kimura Parker hefur komið fram með flestum helstu hljómsveitum í Norður-Ameríku, þeirra á meðal Fílharmóníuhljómsveitunum í Boston, New York og Toronto, auk Cleveland- og Fíladelfíu-hljómsveitanna. Hann leikur kammertónlist m.a. með Tókýó-kvartettinum, fíðluleikaranum Joshua Bell og sellistanum Lynn Harrell, og hefur auk þess komið fram á tónleikum með söngvaranum Bobby McFerrin.

Parker er auk þess vinsæll þáttastjórnandi og hefur stýrt sjónvarpsþætti um sígilda tónlist, *Whole Notes*, á Bravo-sjónvarpsstöðinni í Kanada, auk þess sem bæði CNN og PBS hafa gert um hann þætti. Parker er prófessor í píanóleik við Shepherd School of Music í Houston og hefur haldið meistaranámskeið víða um heim, meðal annars við Juilliard og Yale.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Rögnvaldur Sigurjónsson lék fyrri píanókonsert Brahms fyrstur manna á Íslandi, í Þjóðleikhúsinu 1960 og aftur í Háskólabíói fimm árum síðar. Síðan hafa átta píanistar spreytt sig á verkinu, þeirra á meðal Claudio Arrau (1966), Rudolf Firkusny (1972) og Dmitri Alexeév (1997).

JOHANNES BRAHMS

Píanókonsert nr. 1



Það var einn sólríkan septemberdag árið 1853 að tvítugur piltur að nafni Johannes Brahms (1833–1897) stóð á tröppum Schumann-heimilisins í Düsseldorf og gerðist svo djarfur að banka þar á dyr. Honum var tekið með kostum og kynjum. Fjölskyldufaðirinn bauð honum að taka sér sæti við flygilinn og þar lék ungi maðurinn nokkur verka sinna, sem vöktu þvílíka hrifningu Schumanns að hann tók sér aftur penna í hönd eftir langt hlé frá tónlistarkrítík til að skrifa greinina „Neue Bahnen“ eða Nýjar brautir, þar sem hann lofaði hæfileika Brahms í hástert og fullyrta að með honum myndi hefjast nýtt gullaldarskeið tónlistarinnar.

Sagan hefur að geyma fjölmörg dæmi um sterk vinabönd merkra tónskálda: Haydn og Mozart, Schumann og Mendelssohn, Liszt og Wagner, Schönberg, Berg og Webern. En kunningsskapur Schumanns og Brahms varði stutt. Hinn 27. febrúar 1854, rétt um fimm mánuðum eftir að þeir hittust í fyrsta sinn, stökk Schumann út í ána Rín og var vistaður upp frá því á geðveikrahæli í Endenich nærri Bonn. Hinn ungi Brahms tók að sér að reka Schumann-heimilið um stundarsakir enda veitti ekki af styrkri hendi þar á bæ: þegar ógæfan dundi yfir gekk Klara Schumann með áttunda barn þeirra hjóna, sem kom í heiminn í júní 1854 og fékk nafnið Felix. Ástriðan sem blossaði upp milli Johannesar og Klöru undir þessum erfiðu kringumstæðum hefur orðið efni í skáldsögur og kvikmyndir. Þó fór svo að lokum að þau fóru hvort sína leið, en varðveittu sterk vináttubönd allt til æviloka.

Á þessum árum voru hugmyndir að sönötu fyrir tvö píanó í d-moll farnar að flögra um í hugskoti unga mannsins. Sífellt fleiri síður í skissubókum hans fóru í ágengar hendingar, sumar þeirra sendi hann sínum Joseph Joachim til athugasemda og þeir ræddu útkomuna sín á milli í bréfum. Í júní 1854 skrifaði Brahms til Joachim: „Mig langar að leggja d-moll sönötuna til hliðar um langa hríð. Ég hef margsinnis leikið fyrstu þrjá þættina með frú Schumann. En tvö píanó nægja mér ekki. Ég er svo ráðvilltur og óákveðinn að ég get ekki beðið þig nógu sterkt um gott og ákveðið svar.“ Lausnin á vandanum var sú að breyta sönötunni í píanókonsert, og setja annan píanópartinn út fyrir sinfóníuhljómsveit. Þetta var tímamótaverk á ferli Brahms, lengsta tónsmíð hans

til þessa – um 45 mínútur í flutningi – og sú fyrsta sem hann samdi fyrir svo stóra hljómsveit. Áður hafði hann aðeins látið frá sér eitt hljómsveitarverk, serenöðuna op. 11, sem er fyrir minni hljómsveit og öll smærri í sniðum. Hann lauk við konsertinn árið 1858 og frumflutti hann sjálfur ári síðar með hirðhljómsveitinni í Hannover, með Joseph Joachim á stjórnandapallinum.

D-moll konsertinn er þungbrýnn og margir hafa þóst merkja í honum áhrif hinna örlagaríku ára í lífi tónskáldsins unga. Upphafið er ágengt: stórstígt og ákveðið strengjastefið undir dynjandi pákum gefur til kynna einhvers konar glímu við skapanornirnar sem ekki er útséð um hvernig verði til lykta leidd. Það skiptast á ólíkar stemningar enda er þátturinn viðamikill; þó er tónlistin ávallt þroskuð og yfirveguð, og fátt sem gefur til kynna að hún komi úr höfði rétt ríflega tvítugs pilts.

Brahms fann önnur not fyrir hæga þátt sönötunnar fyrir tvö píanó. Að lokum varð hann að öðrum kafla Þýsku sálumessunnar, *Denn alles Fleisch, es ist wie Gras*. Millikaflinn í píanókonsertinum er einnig hægur en mun bjartari, í D-dúr, og líklega hefur sú tónlist einnig haft trúarlega skírskotun í huga tónskáldsins. Yfir upphafshendinguna ritaði hann á latínu: „Benedictus qui venit in nomine Domini“, eða „Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins.“ Lokakaflinn færir sig aftur yfir á órólegri slóðir, í þungbúnum moll með trillum og öðru tónaskrauti sem minnir á dálæti Brahms á tónskáldum barokktímans, ekki síst Brahms og Händel. Síðar átti hann eftir að útsetja fræga sjakonnu þess fyrrnefnda (sem einmitt er í sömu tóntegund) fyrir píanó, og semja mögnuð tilbrigði við stef eftir hinn síðarnefnda, en hér verða forn áhrifin honum efniviður í nýja og frumlega sköpun.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóniur Schumanns hljóma furðu sjaldan hér á landi. Sl hefur leikið Vorsinfóniuna sjö sinnum, fyrst undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1954, en síðast undir stjórn Rumons Gamba 2004.

ROBERT SCHUMANN

Sinfónía nr. 1



Í janúar 1841 stóð Robert Schumann (1810–1856) á hátindi sköpunar sinnar. Árið áður hafði hann loks fengið að kvænast sinni heittelskuðu Klöru, eftir margra ára stríð við tilvonandi tengdaföður sinn, sem ekki varð útkljáð nema fyrir dómstólum. Það sama ár – 1840 – helgaði Schumann nær algjörlega sönglagagerð, samdi hvorki fleiri né færri en 121 lag, þar á meðal margar frægustu perlur sínar (*Dichterliebe*, *Frauenliebe und -leben*, *Myrthen*, og lagaflokka við ljóð Heines og Eichendorffs). Árið 1841 var hins vegar „sinfóníska árið“ á ferli tónskáldsins, og það hófst með töluverðum tilþrifum. Schumann samdi Vorsinfóniuna á fjórum dögum –

og jafnmörgum nóttum – í janúar 1841, og Felix Mendelssohn stjórnaði frumflutningi hennar í Leipzig tveimur mánuðum síðar. Schumann lýsti sjálfur „sinfóníska eldinum“ sem logaði í brjósti hans á meðan hann samdi sinfóniuna, enda er tónsmíðahraðinn næstum óskiljanlegur, ekki síst fyrir þær sakir að þetta var fyrsta fullgerða sinfónía hans. Schumann hafði raunar ekki samið hljómsveitarverk svo árum skipti. Það eina sem hann gat státað sig af í þeim efnum voru drög að „Hamlet-sinfóníu“ frá 1830 sem ekkert varð úr, og g-moll sinfóníu tveimur árum síðar, sem hann lagði á hilluna eftir að hafa lokið við tvo fyrstu þættina.

Í sinfóníunni sækir Schumann innblástur til tveggja verka: fjórðu sinfóníu Beethovens (sem er í sömu tóntegund), og C-dúr sinfóníu Schuberts, sem hann heyrði á tónleikum í Leipzig í desember 1839. Vorsinfónían hefst á hægum inngangi. Fyrst heyrir lúðrablástur sem er „fenginn að láni“ úr sinfóníu Schuberts, og myndar seinna grunninn að aðalstefi fyrsta þáttar. Stefið hljómar aftur í strengjum og blásurum, en því næst gerist nokkuð óvænt: eftir aðeins fjóra takta „hrynur“ inngangurinn niður í skakka tóntegund, d-moll í stað B-dúr – með afdrifaríkum afleiðingum fyrir verkið sem heild. Smám saman verður tónlistin rólegri og bjartari áheyrnar, og að lokum brýst glaðvært aðalstefið fram. Þótt ekki væri nema fyrir þennan kafla myndi sinfónían verðskulda viðurnefni sitt, því hann er einhver ferskasta afurð rómantikurinnar í sinfónísku formi, spriklandi af gleði og ilmandi af ferskri angan vorsins.

Annar kaflinn er hægur, eins konar röð tilbrigða við langa og fagurlega mótaða hendingu sem hljómar í fiðlum í upphafi. Í lokatöktunum koma básúnurnar inn eftir langa þögn og leika tvær dularfullar krómatískar hendingar. Um skeið ríkir töluverð óvissa um hvað muni gerast næst, en að lokum leiða hendingarnar beint inn í þriðja þátt. Hann hefst einmitt á þessu sama stefi, sem Schumann hefur nú umbreytt í hraðan og afgerandi scherzo í d-moll. Tóntegundin segir ákveðna sögu: samkvæmt hefðinni ætti þriðji kafli sinfóníu ávallt að vera í „heimatóntegundinni“, en moll-tóntegundin sem hefur látið á sér kræla af og til frá upphafi fyrsta kafla hefur nú tekið völdin um stund. Scherzoid er einnig óvenjulegt að því leyti að í því eru tvö tríó en ekki eitt. Hið fyrra einkennist af samtali milli tréblásara og strengja, en hið síðara er öllu ágengara, með rísandi og fallandi tónstigum til skiptis.

Sjaldan hefur yfirskriftin „grazioso“ átt betur við en í lokapætti sinfóníunnar: léttstígar fiðlulínurnar hljóta að hafa verið Tsjajkovskij innblástur þegar hann samdi ballettónlist sína áratugum síðar. Af og til kveður við alvarlegri tón – til dæmis þegar óbó og fagott leika stef sem minnir á lokapáttinn í píanóverkinu *Kreisleriana*, sem Schumann hafði samið þremur árum áður. Að öðru leyti er þátturinn gleði og fjör út í gegn; verðugur lokapunktur eins líflegasta vorboða sinfónískrar tónlistar.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 6. MAÍ 2010

1. fiðla

Guðný Guðmundsdóttir
Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Martin Frewer
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Sigriður Hrafnkelsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard
Mark Reedman
Roland Hartwell
Pálína Árnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Sarah Buckley

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Lovísa Fjeldsted
Auður Ingvadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir

Bassi

Páll Hannesson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Kristján Orri Sigurleifsson
Jóhannes Georgsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

Klarinett

Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason
Hafsteinn Guðmundsson

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Oddur Björnsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Árni Áskelsson

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓÐ / HLJÓÐ / MYND

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is

Íslensk, ensk og rússnesk kveðja



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

RUMON KVEÐUR

Fim. 10.06.10 » 19:30

- **Edward Elgar:** *Inngangur og Allegro*
- **Áskell Másson:** *Söngvar um vorið*
- **Dímítrij Sjostakovítsj:** *Sinfónía nr. 10*

Rumon Gamba hljómsveitarstjóri
Sigrún Hjálmtýsdóttir einsöngvari

Rumon Gamba hefur gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra SÍ í átta ár en nú skilur leiðir og hann tekur við fastri stöðu við Norrbotten Opera í Svíþjóð á komandi hausti. Rumon kaus að láta efnisskrá kveðjutónleikanna endurspegla áherslur sínar í starfinu og valdi verk eftir enskt, íslenskt og rússneskt tónskáld.

Tryggðu þér miða á þessa einstöku tónleika á
www.sinfonia.is eða í síma 545 2500.

„Rumon Gamba er sérlega líflegur
tónlistarmaður og stýrði hljómsveitinni
með stórfenglega áhrifamiklum hætti.“

Stefan Rütter, Kölner Stadt-Anzeiger

